



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um að hætt verði við að stytta opnunartíma félagsmiðstöðva í Reykjavík

Á fundi borgarstjórnar þann 14. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga Emilíu Nætur Starradóttur, fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta:

Lagt er til að borgarstjórn hætti við að stytta opnunartíma í félagsmiðstöðvum og sé í samskiptum við ungmennaráð borgarinnar áður en teknar eru ákvarðanir um frístundastarf unglinga.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 þurfti að hagræða víða í rekstri borgarinnar m.a. vegna óhagstæðra ytri skilyrða innanlands sem utan. Rýna þurfti allan rekstur vel og vandlega og skoða hvar mögulega mætti hagræða. Fjöldinn allur af tillögum var rýndur vel hjá öllum sviðum borgarinnar og sú tillaga að hagræða um fimmtán mínútur í kvöldopnunum félagsmiðstöðva var ein af þeim sem ákveðið var að samþykkja.

Við að stytta opnunartíma um 15 mínútur í kvöldopnunum félagsmiðstöðva sparast um 5,1 milljón á haustönn 2023 og 6,2 milljónir á vorönn 2024 þ.e.a.s. um 11,3 milljónir á ársgrundvelli.

Til að milda þessa hagræðingu er lagt til að opnunartími félagsmiðstöðva verði stytur um 15 mínútur á mánudögum og miðvikudögum en ekki á föstudögum. Félagsmiðstöðvarnar finni leiðir til að hagræða fyrir þessum 15 mínútum á föstudagskvöldum með öðrum leiðum s.s. lækkun á starfshlutfalli hlutastarfsfólks, minnkun á yfirvinnu, lækkun á miðlægum kostnaði o.fl. Félagsmiðstöðvarnar skili því hagræðingu í rekstri upp á 11,3 milljónir á ársgrundvelli.